

**13. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 17. október
2023
og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, formaður

Aðalfulltrúinn Kristinn Marinósson boðaði forföll og ekki tókst að boða varafulltrúa í hans stað.

Dagskrá:

1. Breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteineyrrar - 2306283

Tekin fyrir breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteineyrrar tekin til afgreiðslu

skipulagsnefndar eftir auglýsingu. Áður á dagskrá 10. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.06.2023 og 615. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 27.06.2023.

Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 26. september 2023 en engar athugasemdir bárust frá almenningi á auglýsingatíma. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun og Vegagerðinni. Fyrir liggja leiðrétt skipulagsgögn m.t.t. umsagna ásamt samantekt umsagna og viðbragða við þeim.

Málinu frestað vegna forfalla fundarmanna.

Frestað

2. Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteineyrrar - 2210466

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteineyrrar tekin til afgreiðslu skipulagsnefndar eftir auglýsingu. Áður á dagskrá 10. fundar skipulagsnefndar

Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.06.2023 og 615. fundar sveitarstjórnar

Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 27.06.2023. Tillagan var auglýst með

athugasemdafresti til 26. september 2023 en engar athugasemdir bárust frá almenningi á auglýsingatíma. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Vegagerðinni. Fyrir liggja leiðrétt skipulagsgögn m.t.t. umsagna ásamt samantekt umsagna og viðbragða við þeim.

Málinu frestað vegna forfalla fundarmanna.

Frestað

3. Staðsetning listaverks á Tálknafirði - 2309013

Erindi frá Vigni Arnarsyni dags. 06.09.2023 varðandi staðsetningu listaverks á Tálknafirði.

Mál frá 12. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.09.2023.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirspurnina og vísar niðurstöðu um nánari staðsetningu í vinnu við deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis sem er í vinnslu. Einnig tekið jákvætt í staðsetningu listaverks á Naustatanga en endanlegri staðsetningu er vísað til gerðar deiliskipulags þegar þar að kemur.

4. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138

Umræðum haldið áfram um vinnslutillögu um deiluskipulag stofnana- og íþróttasvæðis.

Mál frá 12. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.09.2023.

Tillaga verði unnin áfram m.t.t. umræðna á fundinum.

5. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Þemakort vegna gönguleiða lagt fram og umræður um dagsetningu íbúafundar.

Mál frá 12. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.09.2023.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að íbúafundur verði haldinn 15. nóvember.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:35.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)